

6 hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur
10. mars. fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

7 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um hlunnindi handa
10. mars. sparisjóði Súgfirðinga

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnendum sparisjóðs Súgfirðinga vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

8 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurveitingu á
10. mars. hlunnindum fyrir sparisjóð Keldhverfinga.

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnarnefnd sparisjóðs Keldhverfinga vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. janúar næstkomandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.